



# Eftirlit með nagdýra- og skordýraeitri

*–Eftirlit með markaðssetningu  
sæfivara í vöruflokkum 14 og 18  
vorið 2015*



# Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara.

Árið 2004 var evrópsk tilskipun um sæfivörur innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 1101/2004 og samkvæmt henni eiga allar sæfivörur að vera með markaðsleyfi þegar búið er að áhættumeta virku efni þeirra fyrir viðeigandi vöruflokk. Þessi evrópska tilskipun varð að reglugerð árið 2012 sem er innleidd með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og um leið er reglugerð nr. 1101/2004 brottfelld.

Sæfivörur skiptast í 22 vöruflokka og skilgreining á vöruflokki 14, nagdýraeitri og vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum er eftirfarandi:

*PT14: Vörur sem eru notaðar til að verjast músum, rottum eða öðrum nagdýrum með öðrum aðferðum en fælingu eða aðlöðun.*

*PT18: Vörur sem eru notaðar til að verjast liðdýrum (t.d. skordýrum, áttfætlum og krabbadýrum) með öðrum aðferðum en fælingu eða aðlöðun.*

Nagdýraeitur og skordýraeitur innihalda virk efni sem geta verið skaðleg bæði heilsu fólks og umhverfi og því mikilvægt að þessar vörur séu áhættumetnar og virkniprófaðar til að minnka váhrif vörunnar og vera fullviss um að varan sé jafn virk og haldið er fram.

## Tilgangur og markmið

Samkvæmt nýjum efnalögum er Umhverfisstofnun falið að hafa eftirlit með markaðssetningu sæfivara. Gerð er krafa um að sæfivörur séu með markaðsleyfi og merktar samkvæmt lögum. Auk þess skal afhenda öryggisblöð þeim sem nota vörunar í atvinnuskyni

Í þessu ljósi voru sett fram neðangreind markmið með þessu eftirliti:

- Að ganga úr skugga um að nagdýraeitur og skordýraeitur á markaði séu með markaðsleyfi.
- Að athuga hvort merkingar séu í samræmi við gildandi reglur.
- Að kanna hvort öryggisblöð séu aðgengileg fyrir þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

# Framkvæmd

Starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru í eftirlit hjá 7 fyrirtækjum og í ljós kom að 5 þeirra markaðssettu sæfivörur í vöruflokkum 14 og 18. Í úrtaki voru fyrirtæki sem eru framarlega í aðfangakeðjunni og hafa mikla markaðshlutdeild. Miðað við gögn sem stofnunin hefur undir höndum um innflutning á nagdýra- og skordýraeitri, má ætla að fyrirtækin sem voru í úrtakinu séu samanlagt með um eða yfir 90% markaðshlutdeild hér á landi. Eftirlitsþegar koma fram í meðfylgjandi töflu.

## **Eftirfarandi fyrirtæki markaðssettu nagdýra- og skordýraeitur:**

- Kemi ehf.
- Halldór Jónsson ehf.
- Ráðtak ehf.
- Streymi heildverslun ehf.
- Senia ehf.

Eftirlitsferðir fóru fram dagana 11. og 21. maí og 24. júní 2015. Við komu á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem markmið eftirlitsins komu fram og útskýrt hvernig eftirlitinu

yrði háttað. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddur og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hafi farið fram.

# Helstu niðurstöður

Í eftirlitinu voru skoðaðar 50 vörur og skráðar voru 49 athugasemdir og frávik. Fjórar vörur voru markaðssettar án markaðsleyfis og þar sem ekki stóð til að sækja um markaðsleyfi fyrir þessar vörur hafa þær í kjölfarið verið fjarlægðar af markaði.

- Fjórar vörur voru án markaðsleyfis og voru allar fjarlægðar af markaði
- Töluvert var um að uppfæra þurfti öryggisblöð að II. viðauka reglugerðar nr. 453/2010/ESB sem tók í gildi 1. júní 2015
- Merkingum var ábótavant á sjö vörum

Eftirlitsþegum voru sendar eftirlitsskýrslur ásamt bréfi þann 30. september 2015 og 2. október. Þegar um var að ræða frávik var eftirlitsþega veittur frestur til að gera athugasemdir við eftirlitið og bregðast við frávikum.

Öll fyrirtækin hafa brugðist við kröfum Umhverfisstofnunar.